

nefndarinnar í Reyðarfjarðarhreppi og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu 59
brjefi frá 31. marz f. á., veiti jeg hjer með nefndri hreppsnefnd leyfi til að nota loptið 6. maí.
í fangahúsinu á Eskifirði, undir sjerstöku eptirliti sýslumannsins þar, til fundarhalds og
til að afþilja það í því skyni á þann hátt, er tekið er fram í brjefi yðar, en aptur á
móti get jeg eigi leyft, að settur verði ofn í hið þannig afþiljanda rúm.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um þóknun úr landssjóði fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja. — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 9. f. m., skýrt mjer frá því, að sjera Páll Pálsson í Þingmúla hafi, uppá fyrirsþurn amtsráðsins í norður- og austuramtinu paraðlútandi, kveðið sig fúsan til að taka að sjer kennslu heyrnar- og málleysingja úr nefndu amti gegn 260 kr. meðlagi og 40 kr. í kennslulaun á ári fyrir hvern heyrnar- og málleysingja, og hafið þjer, með tilliti til þess, að sjera Páli hefir að undanförmu verið veitt þóknun úr landssjóði fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja, gjört þá fyrirsþurn til mín, hvort amtið geti átt von á því, að kennslulaun þau, er sjera Páll nú hefir áskilið sjer, verði greidd úr landssjóði. 60
17. maí.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að tjá yður, án þess jeg vilji binda það neinu föstu lofordi, að eins og sjera Páll að undanförmu hefir fengið nokkra þóknun fyrir kennslu þá, sem hjer er um að ræða, af fje því, sem veitt hefir verið í fjárlögnum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, eins getur hann átt von á líkri þóknun eptirleiðis, ef fje verður fyrir hendi á nefndum gjaldlið, og önnur nauðsynlegri fyrirtæki ekki kalla að.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurgjald handa hreppstjórum fyrir ritföng. — Í þóknanlegu brjefi frá 30. sept. f. á., hafið þjer, 23. maí.
herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvort hreppstjórar eigi nú, eptir að lög 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra o. fl., hafa öðlazzt gildi, heimting á sjerstakri þóknun fyrir ritföng, og ef svo væri álitid, hvaðan sú þóknun ætti að takast

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega gefa yður til vitundar, að ofanefnd lög hafa enga breyting gjört á reglum þeim, sem áður giltu í hinu umspurða tilliti, en um þær vil jeg vísa yður til 47. gr. hreppstjórareglugjörðarinnar, sbr. brjef landshöfðingja frá 11. jan. 1882 (B 1) viðvíkjandi kostnaðinum við útvegum embættisbóka handa hreppstjórum, og, að því er snertir kostnaðinn til annara ritfanga, til brjefa landshöfðingja frá 23. okt. 1880 (B 168) og 28. marz 1881 (B 45).

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um endurgjald fyrir glataða peningasendingu. — Með þóknanlegu brjefi frá 27. júlí f. á. skýrðuð þjer, herra póstmeistari, 27. maí.
frá því, að peningasending, að upphæð 120 kr., er kaupstjóri Pjetur Sigurðsson á Sjáfarborg afhenti til flutnings á póstaðgreiðslustaðnum Vallholti þann 19. ágúst 1882 og fara átti til kaupmanns Lárusar Snorrasonar á Ísafirði, hafi ekki komið til skila, og að